

Sveitarfélagið Ölfus  
Hafnarbergi 1  
815 Þorlákshöfn

Reykjavík 26. nóvember 2018  
UST201811-131/A.B.  
10.04.02

### **Efni: Breyting- Aðalskipulag Ölfuss 2010 – 2022 - Iðnaðarsvæði I24.**

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa sveitarfélagsins Ölfus er barst 9. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu að aðalskipulagi Ölfuss 2010 – 2022 á iðnaðarsvæði I24.

Í greinargerð kemur fram að breyting fellst í að skilgreina heimildir til þaueldis svína á iðnaðarsvæði I24. Hluta iðnaðarsvæðisins, um 10 ha, verður breytt í landbúnaðarland þar sem gert er ráð fyrir að stofnað verði lögbýli og heimild verði til fastrar búsetu og almenns dýrahalds sem samræmist nálægð við þaueldi svína.

Starfsemi þaueldis er starfsleyfis skyld starfsemi sjá viðauka I og IV í lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 og reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit nr. 550/2018, þar sem annað hvort Umhverfisstofnun eða heilbrigðisnefndir sem gefa út starfsleyfi fyrir þaueldi svína en umfang eldisins ákvarðar leyfisveitanda. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að fram komi í greinargerð aðalskipulagsins áætluðu fjöldi dýra, meðferða úrgangs og fjarlægð til aðliggjandi byggðar líkt og segir í gr. 5.3.2.13. gr. um mannvirki og starfsemi á landbúnaðarsvæðum í Skipulagsreglugerð 90/2013. Einnig telur Umhverfisstofnun mikilvægt að í greinargerð aðalskipulags komi fram að nánari upplýsingar um starfsemina á I24 komi fram í deiliskipulagi.

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að það komi fram í greinargerð deiliskipulags þeir þættir sem stuðst er við í útgáfu starfsleyfis varðandi starfsemi á svæði I24. Þar myndi koma fram hver stærð bygginga svínabúsins er og hver er heildarfjöldi dýra sem mega vera í búinu á hverjum tíma. Einnig telur Umhverfisstofnun jákvætt að það komi fram í deiliskipulagi hver er fjöldi stæða fyrir alisvín/slátursvín (þyngd 30 kg – 120 kg), hver er fjöldi stæða fyrir smágrísi (þyngd 8,0 kg-29,9 kg), hver er fjöldi stæða (bása) fyrir gyltur (í bás með mjólkurgrísum á spena, þyngd 0-7,9 kg).

Umhverfisstofnun tekur undir umfjöllun um reglugerð um eldihús alifugla, loðdýra og svína nr. 520/2015, varðandi fjarlægð íbúðarhúsa frá búi og 24. gr. og 941/2002 (sjá 6. gr. breytingarreglugerð nr. 578/2017.

Auk þess telur Umhverfisstofnun mikilvægt að fram komi í greinargerð nákvæm meðhöndlun svínaskíts og fráveitumál svínabúsins, þ.e. samningar við þá aðila sem taka að sér nýtingu úrgangsins, ástand viðtaka og hvort vatnsverndarsvæði séu í nálægð við fyrirhugað dreifingarsvæði húsdýraáburðar /úrgangsins.

### Nútímahraun

Líkt og í kaflanum um umhverfisáhrif segir í samanburði valkosta að svæðið er á nútímahrauni og fylgir uppbygging röskun á því. Umhverfisstofnun telur að svæðið falli undir a. lið 2. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. greinarinnar. Skv. 3. mgr. ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Með orðalaginu „brýn nauðsyn“ er lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir. Ber að rökstyðja þessa brýnu nauðsyn í greinargerð skipulagsins.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til rækilegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. gr. og 3. gr. laganna auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr.

Virðingarfyllst



Axel Benediktsson  
Sérfræðingur



Rakel Kristjánsdóttir  
Sérfræðingur